



Reykjavík, 26. febrúar 2018

Tilvísun: 18021816

Efni: Athugasemdir við umsagnir vegna breytinga á lögum um eftirlit með skipum

Höfundur: Samgöngustofa

1. Umsögn frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (samtökin)

a. Meðalhófsregla stjórnsýsluréttar

Samtökin benda á að hafa þarf í huga að stjórnvaldssektir fela í sér íþyngjandi stjórnvaldsákvæðanir sem, sbr. meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, skal aðeins beita þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Þá kemur fram að mikilvægt sé að gætt sé meðalhófs við álagningu stjórnvaldssekta, sektarákvörðun eigi sér ákveðinn aðdraganda, aðvaranir séu gefnar og frestur til úrbóta veittur, auk þess sem að andmælaréttur þarf að vera tryggður og virtur í raun.

Samgöngustofa tekur undir framangreind sjónarmið samtakanna. Meginreglur stjórnsýsluréttar eiga við öll störf Samgöngustofu þar sem til greina kemur að beita íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunum. Beiting stjórnvaldssekta þarf að byggja á skýrum ákvæðum laga og reglna sem tryggja að málmeðferðarreglur stjórnsýsluréttar séu virtar.

Gerir Samgöngustofa því ekki athugasemdir við tillögu samtakanna um orðalagsbreytingu á 1. mgr. 1. gr.

b. Refsigrundvöllur einstakra ákvæða

Samtökin vísa í meginregluna um að refsíákvæði hafi að geyma sjálfstæðar verknáðarlýsingar sem marka refsínæmi verknáðar auk annarra skilyrða refsíábyrgðar. Almenn þurfi verknáðarlýsing að vera sérgreind en afstaða samtakanna er sú að slíkt skorti í frumvarpinu. Nánar tiltekið séu brot á 3., 4., 6., og 19. gr. laganna of almenns eðlis og matskennd.

Ákvæði 3. gr. laga um eftirlit með skipum mælt fyrir um að smíði, búnaður og mengunarvarnir skipa skuli uppfylla skilyrði reglna á hverjum tíma. Samgöngustofa getur ekki fallist á að um sé að ræða óskýrar og tilviljanakenndar reglur. Stefna Samgöngustofu er að auka innra eftirlit útgerða m.a. í formi öryggisstjórnunarkerfa. Með þessu er leitast við að efla traust milli stofnunar og eftirlitsaðila, efla ábyrgð útgerðaraðila þannig að þörf fyrir fyrir stöðugt eftirlit stofnunarinnar minnki. Mikilvægt er því að geta brugðist við með skilvirkum hætti í undantekningartilvikum ef slíkt traust bregst. Samgöngustofa telur rétt að ráðherra setji reglugerð sem taki upp þráðinn í rökréttu framhaldi af ákvæði lagaheimildanna sem væri til þess fallin að skýra nánar refsigrundvöllinn og framkvæmdina. Með vísan til þess sem að framan greinir leggur Samgöngustofa áherslu á að halda inni b. lið 1. gr. frumvarpsins.

2. Umsögn frá Landssambandi smábátaeigenda (LS)

LS bendir á reynslu af stjórnvaldssektum úr lögum um stjórn fiskveiða, að kærufarlið taki almennt of langan tíma. Áður en tíminn byrji að líða hafi átt sér stað töluverð samskipti hins meinta brotlega aðila og stjórnvaldsins. Sé því einn mánuður nægjanlegur kærufrestur.



Samgöngustofa telur rétt að halda 3 mánaða kærufresti, að minnsta kosti fyrst um sinn. Rétt er að fá reynslu af framkvæmdinni áður en kærufrestur verður stytur. Í ljósi reynslunnar megi síðar skoða lagabreytingu með styttingu kærufrests.

LS telur rétt að Samgöngustofu verði skylt, en ekki heimilt, að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti sem og að orðin „allt að“ skuli falla brott varðandi upphæðir sekta. Samgöngustofa telur ekki rétt að binda hendur stjórnvaldsins á þennan hátt. Erfitt getur verið að meta hvort aðili hafi hagnast á broti eða ekki. Þá er mikilvægt, út frá sjónarmiðum um meðalhóf, að þurfa ekki að leggja óþarflega háar sektir.